

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn stk.</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./stk.</b>
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta áv.	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Annað:</b>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</b>				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Annað:</b>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Aðrar útiplöntur:</b>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Inniplöntur:</b>				
0602.9070	Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Annað:</b>				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.06.03	3.400	30	0
0602.9099	Annars (pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
	<b>Nýtt:</b>				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.03	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1005	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1006	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.03	175.000	30	0
0603.9000	Annað (þurruð blóm)	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magnatollur kr./stk.
	<i>Annað:</i>				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.03	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magnatollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magnatollur skv. úttefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*